# FIRMNATILKYNNINGAR. 105

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1923:

## *I. Reykjavík.*

1. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að jeg hefi gefið herra Frímanni Ólafssyni prókúruumboð, fyrir firma mitt Hvannbergsbræður, með öllum þeim rjettindum og skyldum, sem stöðu þeirri fylgir að lögum.

Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Hvannbergsbræður
Frím. Ólafsson.

Reykjavík, 4. janúar 1923.
Hvannbergsbræður
Jónas Hvannberg.

2. Við O. Friðgeirsson & Skúlason, heildsalar í Reykjavík gefum hjermeð herra Carl Theodor Sönnichsen Bramm umboð sem prókúrista fyrir verslun okkar, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. O. Friðgeirsson & Skúlason
C. Th. Bramm.

Reykjavík 17. jan. 1923.
O. Friðgeirsson & Skúlason
O. Friðgeirsson.

3. Við undirritaðir, Hjalti Björnsson kaupmaður, Njálsgötu 5, Ísleifur G. Finsen, Njálsgötu 5 og Sighvatur Blöndahl, Lækjargötu 6b, tilkynnum til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum heildsöluverslun í Reykjavík undir firmanafninu: „Hjalti Björnsson & Co.“, sem fullábyrgir fjelagar.

Reykjavík, 17. febrúar 1923.
Hjalti Björnsson,
Ísleifur G. Finsen,
Sighvatur Blöndahl.

Hjalti Björnsson ritar firmað þannig:

Hjalti Björnsson & Co.

Ísleifur G. Finsen ritar firmað þannig:

Hjalti Björnsson & Co.

Sighvatur Blöndahl ritar firmað þannig:

Hjalti Björnsson & Co.

105 4. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að herra Hjalti Björnsson er genginn úr firmanu K. Einarsson & Björnsson, og rekur herra Kristinn Einarsson firmað hjer eftir á eigin ábyrgð, með sama firmanafni. Hjer eftir ritar Kristinn Einarsson einn firmað eins og hann ritaði firmað áður.

Reykjavík, 21. febrúar 1923.
Hjalti Björnsson,
Kristinn Einarsson.

5. Jeg undirritaður Hermann Jónsson til heimilis á Nönnugötu 3, í Reykjavík, tilkynni hjermeð, að jeg rek verslun upp á eigin ábyrgð í Lækjargötu 10 B, Reykjavík, undir firmanafninu „Verslunin Hafsbrún".

Firmað er ritað þannig:

„Verslunin Hafsbrún"
Hermann Jónsson.
Reykjavík, 24. febrúar 1923.
Hermann Jónsson,
Nönnugötu 3.

6. Hjermeð afturkallast prókúruumboð það, er jeg hefi veitt herra F. A. Andersen, hjer í bæ, fyrir mig og gosdrykkjaverksmiðjuna „Mímir".

Reykjavík, 23. febrúar 1923.
Jón Laxdal.

7. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við Eyvindur Eyvindsson klæðskeri, Þingholtsstræti 1, og Axel Skúlason klæðskeri, Baldursgötu 19, rekum klæðskeraverslun undir firmanafninu: „E. Eyvindsson & Skúlason", báðir með ótakmarkaðri ábyrgð.

Eyvindur Eyvindsson ritar firmað þannig:

E. Eyvindsson & Skúlason.

Axel Skúlason ritar firmað þannig:

E. Eyvindsson & Skúlason.
Reykjavík, 10. mars 1923.
Eyvindur Eyvindsson.
Axel Skúlason.

8. Undirritaðir, Bjarni Þorsteinsson verkfræðingur og Markús Ívarsson vjelameistari, báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynnum hjermeð, að við rekum í fjelagi vjelsmiðju og aðrar járnsmíðar undir firmanafninu: „Vjelsmiðjan Hjeðinn, Bjarni Þorsteinsson & Markús Ívarsson", með ótakmarkaðri ábyrgð.

Við daglegan rekstur atvinnunnar ritar hvor okkar um sig firmað, en annars og til þess að veðsetja eignir fjelagsins eða ráðstafa þeim á annan hátt, þarf undirskrift beggja. 105

Bjarni Þorsteinsson ritar:

Vjelsmiðjan Hjeðinn,
Bjarni Þorsteinsson & Markús Ívarsson.

Markús Ívarsson ritar:

Vjelsmiðjan Hjeðinn,
Bjarni Þorsteinsson & Markús Ívarsson.

Reykjavík, 9. febrúar 1923.
Bjarni Þorsteinsson, Garðastræti 4.
Markús Ívarsson, Túngötu 48.

9. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að hr. Guðm. Guðjónsson er genginn úr firmanu „Björn Jónsson & Guðm. Guðjónsson" og rekur Björn Jónsson firmað hjer eftir á eigin ábyrgð með sama firmanafni. Hjer eftir ritar Björn Jónsson einn firmað eins og hann ritaði það áður.

Reykjavík, 21. febrúar 1923.
Björn Jónsson, Guðm. Guðjónsson.

10. Ragnar Petersen kaupmaður, Bókhlöðustíg 8, tilkynnir, að hann reki verslun undir firmanafninu: „Verslunin Skálholt", með ótakmarkaðri ábyrgð, og hefir hann einn rjett til að rita firmað.

Reykjavík, 6. apríl 1923.
Verslunin Skálholt,
Ragnar Petersen.

11. Samkvæmt fundargjörð aðalfundar í H.f. Timbur og Kolaverslunin Reykjavík, sem haldinn var 1. nóvember 1922, leyfi jeg mjer hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar í Reykjavík, að H.f. Timbur og Kolaverslunin hættir frá og með 1. janúar 1923.

Um leið tilkynnist, að jeg undirritaður frá og með 1. janúar 1923, samkvæmt leyfi fyrnefnds aðalfundar, held verslun fjelagsins áfram með fullri persónulegri ábyrgð, undir firmanafninu „Timbur og Kolaverslunin Reykjavík, T. Fredriksen."

Jeg rita firmað þannig:

Timbur og Kolaverslunin Reykjavík,
T. Fredriksen.

Reykjavík, 6. nóvember 1922.
T. Fredriksen.

105 12. Hjermeð leyfum vjer oss að tilkynna til firmaskrárinnar í Reykjavík, að prókúruumboð það, sem þeim herrum Henrich Haut og Valdemar Hansen var veitt í sameining, samkvæmt brjefi voru til firmaskrárinnar, dags 3. apríl 1919, afturkallast frá og með 16. þ. m. að telja.

Frá sama degi veitist þeim herrum Valdemar Hansen og Magnúsi Guðbrandssyni sameiginlegt prókúruumboð fyrir fjelagið. Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

pr. pr. Hið íslenska steinolíuhlutafjelag
Vald. Hansen, Magnús Guðbrandsson.

Reykjavík, 16. apríl 1923.
Hið íslenska steinolíuhlutafjelag,
M. Eskildsen.

13. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg, Elís Ó. Guðmundsson, til heimilis á Baldursgötu 18, rek í Reykjavík kaupskap og umboðsstörf ásamt skrifstofu- og auglýsingastörfum fyrir almenning með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Viðskiftaskrifstofan''.

Jeg einn hefi rjett til þess að rita firmað.

Reykjavík, 2. maí 1923.
Viðskiftaskrifstofan,
Elís Ó. Guðmundsson.

14. Undirritaðir, Ingimar Brynjólfsson og Gunnar E. Kvaran, báðir til heimisis í Reykjavík, tilkynnum hjermeð, að við rekum í fjelagi umboðsverslun hjer í bænum, undir firmanafninu: „I. Brynjólfsson & Kvaran'', með ótakmarkaðri ábyrgð.

Hvor um sig ritar firmað þannig:

I. Brynjólfsson & Kvaran.

Reykjavík, 17. apríl 1923.
Gunnar E. Kvaran. I. Brynjólfsson.

15. Jeg undirritaður, Engilbert Hafberg, til heimilis á Laugaveg 42, tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg hefi í dag sett á stofn auglýsingaskrifstofu, undir firmanafninu:

„Auglýsingaskrifstofa Íslands''
E. Hafberg.

Í skandinaviskum löndum:

„Islands Annonce & Reklame Bureau''
E. Hafberg.

Í enskumælandi löndum:

„The Icelandic Advertising Office''
E. Hafberg.

Ofanskráð firma rek jeg með ótakmarkaðri ábyrgð, og starfsvið þess 105
er að vera innlendum og útlendum auglýsendum hjálplegt, með samningu, þýðingu og útsendingu auglýsinga til blaða og tímarita, hjer á landi og erlendra. Ennfremur að útvega teikningar til auglýsinga (Reklame) og annað, er til auglýsinga er nauðsynlegt.

Reykjavík, 9. júní 1923.
Auglýsingaskrifstofa Íslands,
E. Hafberg.
Islands Annonce & Reklame Bureau,
E. Hafberg.
The Icelandic Advertising Office,
E. Hafberg.

16. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek með ótakmarkaðri ábyrgð, upplýsingastöð hjer í bænum undir firmanafninu:

„Upplýsingastöð Íslands.“

Á Norðurlöndum kallað:

„Islands Oplysnings Bureau“

og í öðrum löndum:

„Iceland Commercial Inquiry Offices.“

Starfssvið upplýsingarstöðvarinnar er að gefa upplýsingar um vanskil og efnahagsástæður.

Firmað rita jeg þannig:

Upplýsingastöð Íslands,
Leifur Sigurðsson.
Islands Oplysnings Bureau,
Leifur Sigurðsson.
Iceland Commercial Inquiry Offices,
Leifur Sigurðsson.
Reykjavík, 25. júní 1923.
Leifur Sigurðsson endurskoðari.

17. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek verslun hjer í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, með vefnaðarvörur, undir firmanafninu:

„Silkibúðin“.
Þorleifur Jónsson.
Reykjavík, 3. júlí 1923.
Þorleifur Jónsson, Bókhlöðustíg 2.

18. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg frá og með þessum degi hefi veitt fulltrúa mínum, Anton Jacobsen í Reykjavík, prókúruumboð fyrir mig.

105 Firmanafn mitt ritar hann þannig:

pr. pr. Loftur Loftsson,
Anton Jacobsen.
Reykjavík, 3. júlí 1923.
Loftur Loftsson.

19. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek innheimtustörf í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Innheimtustofa Íslands, Leifur Sigurðsson''. Starfssvið innheimtustofunnar er að innheimta reikninga, víxla og aðrar skuldakröfur um land alt.

Reykjavík, 8. september 1923.
Leifur Sigurðsson.

Firmað rita jeg þannig:

Innheimtustofa Íslands,
Leifur Sigurðsson.

20. Hjermeð tilkynnist firmaskrá Reykjavíkur, að við undirritaðir, Ólafur Gíslason, Lindargötu 1, og Ársæll Árnason, Vesturgötu 33, rekum umboðs- og heildverslun hjer í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: „Ólafur Gíslason & Co.'', og ritar meðundirritaður Ólafur Gíslason einn firmað þannig

Ólafur Gíslason & Co.

Jafnframt gefum við hr. Einari Pjeturssyni, Þingholtsstræti 18, Reykjavík, prókúruumboð fyrir firmað, og hefir hann öll rjettindi prókúrista, samkv. lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, og ritar prókúruhafi þannig:

pr. pr. Ólafur Gíslason & Co.
Einar Pjetursson.
Reykjavík, 15. september 1923.
Ólafur Gíslason, Ársæll Árnason.

21. Jeg undirritaður, Bernhard Petersen, kaupmaður hjer í bænum, veiti hjermeð þeim herrum Joh. Siemen og Reidar Sörensen sameiginlegt prókúruumboð, samkv. lögum, fyrir verslun mína og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Bernh. Petersen
Joh. Siemen, Reidar Sörensen.
Reykjavík, 2. október 1923.
Bernh. Petersen.

22. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, er jeg á sínum tíma veitti herra Viggo Jensen, fyrir firma mitt, afturkallast hjermeð frá og með þessum degi.

Reykjavík, 2. október 1923.
Bernh. Petersen.

23. Hjermeð leyfum við okkur að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum framvegis í sameiningu verslun þá með byggingarefni o. fl.. sem Jón Þorláksson hingað til hefir rekið einn, sem fullábyrgir fjelagar, með firmanafni: „J. Þorláksson & Norðmann". Hver um sig ritar firmað. 105

Jón Þorláksson ritar firmað þannig:

J. Þorláksson & Norðmann,
Jón Þorláksson.

Óskar Norðmann ritar firmað þannig:

J. Þorláksson & Norðmann,
Ó. Norðmann.

Reykjavík, 8. október 1923.
Jón Þorláksson, Óskar Norðmann.

24. Valdemar Poulsen kaupmaður, Klapparstíg 29, og Gunnlaugur Jónsson Fossberg vjelstjóri, Laugaveg 27, reka verslun í Reykjavík, sem fullábyrgir fjelagar með firma: „Valdemar Poulsen & Fossberg".

Valdemar Poulsen ritar firmað þannig:

Valdemar Poulsen & Fossberg.

Gunnlaugur Jónsson Fossberg ritar firmað þannig:

Valdemar Poulsen & Fossberg.

Reykjavík, 31. október 1923.
Vald. Poulsen, G. J. Fossberg.

25. Hjermeð afturkallast prókúruumboð það, sem Arnór Guðmundsson hefir haft fyrir mig.

Reykjavík, 29. nóvember 1923.
A. V. Tulinius.

26. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að við undirritaðir feðgar, A. V. Tulinius lögmaður, og Carl D. Tulinius, báðir til heimilis Laufásveg 22, hjer í bæ, rekum skrifstofu í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, með umboð fyrir útlend vátryggingarfjelög, undir nafninu: „Vátryggingarstofa A. V. Tulinius.

A. V. Tulinius ritar:

Vátryggingarstofa A. V. Tulinius,
A. V. Tulinius.

Carl D. Tulinius ritar:

Vátryggingarstofa A. V. Tulinius,
Carl D. Tulinius.

Prókúruumboð fyrir firmað hefir Arnór Guðmundsson og ritar hann:

p. p. Vátryggingarstofa A. V. Tulinius,
Arnór Guðmundsson.

Reykjavík, 30. nóvember 1923.
A. V. Tulinius, Carl D. Tulinius.

105 27. Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg undirrituð, Steinunn Kristjánsdóttir, Smiðjustíg 7, Reykjavík, rek verslun í Reykjavík með allskonar húsgögn undir firmanafninu: „Húsgagnaverslun Reykjavíkur", með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita jeg firmað sjálf þannig:

Húsgagnaverslun Reykjavíkur,
Steinunn Kristjánsdóttir.
Reykjavík, 12. desember 1923.
Steinunn Kristjánsdóttir.

Ennfremur tilkynnist, að jeg gef verslunarstjóra mínum, herra húsgagnasmið Guðl. H. Waage, Reykjavík, prókúruumboð fyrir ofanritað firma mitt, með öllum þeim rjetti, er prókúruumboði fylgir.

Herra Guðl. H. Waage ritar þannig:

p. p. Húsgagnaverslun Reykjavíkur,
G. H. Waage.
Reykjavík, 13. desember 1923.
Steinunn Kristjánsdóttir.

### *II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.*

1. Stjórn Kaupfjelags Akraness tilkynnir að prókúruumboð Hjartar B. Helgasonar sje afturkallað frá 1. júní þ. á.
2. Magnús Þorbjarnarson og Stefán Ólafsson tilkynna að Stefán sje genginn úr firmanu: „Magnús og Stefán" í Borgarnesi, og sje Magnús einn fullábyrgur eigandi firmans og ritar það eins og áður.

### *III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.*

1. Kaupfjelag Önfirðinga tilkynnir til firmaskrár, að úr stjórn fjelagsins sje genginn Guðmundur Guðmundsson, Sæbóli, og í hans stað kosinn Ásgeir Torfason, skipstjóri Sólbakka.

   Ennfremur tilkynnir sama kaupfjelag að prókúruumboð Jóns Kr. Jónssonar sje afturkallað og að það veiti hjermeð framkvæmdarstjóra Marteini Bjarnarsyni prókúruumboð.
2. Magnús Magnússon og Jóhann Bárðarson, kaupmenn á Ísafirði, tilkynna til firmaskrár, að þeir reki verslun á Ísafirði sem fullábyrgir fjelagar undir firmanafninu: „Timburverslunin Björk".

   Þeir rita firmað hvor um sig, og er undirskriftum hagað þannig:

   Magnús Magnússon ritar:

   „Timburverslunin Björk"
   M. Magnússon.

   Jóhann Bárðarson ritar:

   „Timburverslunin Björk"
   Jóh. Bárðarson.

*IV. Húnavatnssýsla.*

Verslunarfjelag Vindhælinga rekur verslun á Skagaströnd í Vindhælishreppi, og er varnarþing þess þar. Lög samþykt 12. jan 1917 og 4. apríl 1922. Ábyrgð hafa fjelagsmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn. Í stjórn fjelagsins eru: Ólafur Lárusson á Skagaströnd formaður og framkvæmdarstjóri, Benedikt Fr. Magnússon bóndi á Spákonufelli og Ólafur Björnsson bóndi á Árbakka.

Prókúruumboð hefir framkvæmdarstjóri og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verslunarfjelag Vindhælinga
Ól. Lárusson.

*V. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.*

Í dag hefir undirritaður Gunnar Snorrason gengið úr firmanu „Verslun Snorra Jónssonar", Akureyri, en dánarbú Rögnvaldar Snorrasonar heldur atvinnunni áfram undir sama firmanafni og óbreytt að öðru leyti.

Akureyri, 4. des. 1923.
G. Snorrason.
p. p. Verslun Sn. Jónssonar,
M. Blöndal.

*VI. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.*

1. Hjermeð tilkynnist, að herra Böðvar Jónsson, Seyðisfirði, er frá 1. janúar þ. á. genginn úr firmanu Herm. Thorsteinsson & Co., og að Hermann Þorsteinsson, Seyðisfirði, er frá sama tíma einn eigandi firmans, og að hann rekur það áfram óbreytt.

Seyðisfirði, 15. febr. 1923
Herm. Thorsteinsson & Co.
Hermann Þorsteinsson,
Böðvar Jónsson.

2. Það tilkynnist hjermeð til verslunarskrárinnritunar, að jeg undirritaður hefi veitt Jóni E. Waage syni mínum prókúruumboð fyrir verslun mína.

Seyðisfirði, 30. janúar 1923.
Eyjólfur J. Waage.

3. Hlutafjelagið „Frón", sem hefir heimili og varnarþing á Hánefsstöðum í Seyðisfjarðarhreppi, rekur fiskiveiðar og flutninga. Dagsetning samþykta fjelagsins: 27. mars 1923. Stofnendur eru: Vilhjálmur Árnason bóndi á Hánefsstöðum, Seyðisfirði, Hermann Þorsteinsson, kaupmaður, Seyðisfirði, Sigurður Vilhjálmsson, kaupfjelagsstjóri, s. st., Árni Vilhjálmsson Hánefsstöðum, s. st., Hermann Vilhjálmsson, s. st., Þórhallur Vilhjálmsson, s. st.

105 Stjórn fjelagsins skipa: Vilhjálmur Árnason, formaður, Hermann Þorsteinsson, ritari, Sigurður Vilhjálmsson, meðstjórnandi.

Framkvæmdarstjóri er: Vilhjálmur Árnason.

Upphæð hlutafjár er 18000 kr., er greiðist í 1000 kr. hluti. Er hlutafjársöfnun lokið. Innborgað hlutafje 6000 kr. Hlutabrjef hljóða á nafn. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum. Samþykki fjelagsstjórnar þarf til sölu og veðsetningar hlutabrjefa. Hver hluthafi hefir 1 atkvæði fyrir hverjar 1000 kr. er hann á í fjelaginu. Enginn hluthafi má fara með meira en $1/5$ samanlagðra atkvæða. Fundir skulu boðaðir brjeflega með 4 vikna fyrirvara.

Stjórnin öll ritar firmað þannig:

H.f. „Frón"
Vilh. Árnason,
Herm. Þorsteinsson,
Sig Vilhjálmsson.

Framkvæmdarstjóri ritar firmað þannig:

p. p. H.f. „Frón"
Vilh. Árnason.

4. Jeg Balduin Ryel, kaupmaður á Seyðisfirði, gef hjer með ungfrú Emilíu Antonsdóttur umboð sem prókúrista fyrir verslun mína, og hefir hún öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvbr. 1903.

Firmað ritar hún þannig:

pr. pr. Balduin Ryel.
Emilía Antonsdóttir.
Seyðisfirði, 22. júní 1923.
Balduin Ryel.

5. Hlutafjelagið „Prentsmiðjufjelag Austurlands" er hætt að starfa og allar eignir þess fastar og lausar seldar þeim:

Verslunarstjóra Benedikt Jónassyni, heildsala Hermanni Þorsteinssyni, bónda Jóni Jónssyni í Firði, verslunarstjóra Sigurði Jónssyni og konsúl St. Th. Jónssyni, og hafa þeir, samkvæmt ákvörðun aðalfundar, tekið að sjer allar skuldir Prentsmiðjufjelagsins að undanteknu hlutafje.

Ofangreindir menn: Benedikt Jónasson, Hermann Þorsteinsson, Jón Jónsson, Sigurður Jónsson og St. Th. Jónsson, tilkynna að þeir, með ótakmarkaðri ábyrgð reki prentsmiðju á Seyðisfirði, undir firmanafninu: „Prentsmiðja Austurlands" og hafa þeir Hermann Þorsteinsson og Jón Jónsson báðir til samans prókúruumboð fyrir firmað og eru framkvæmdarstjórar þess. Gjaldkerastörfin annast Hermann Þorsteinsson, en formensku firmans hefir Jón Jónsson í Firði.

Firmað ritast þannig:

p. p. „Prentsmiðja Austurlands“
Hermann Þorsteinsson,
Jón Jónsson.
„Prentsmiðja Austurlands“
Hermann Þorsteinsson,
„Prentsmiðja Austurlands“
Jón Jónsson.

## *VII. Suður-Múlasýsla.*

1. H.f. Íshúsfjelag Norðfjarðar hefir heimili og varnarþing í Neshreppi í Suður-Múlasýslu. Tilgangur þess er: Geymsla á beitusíld og matvælum ísvarið og sala á ís. Samþyktir fjelagsins dags. 18. desbr. 1922. Stjórn fjelagsins skipa: Ingvar Pálmason og Jón Sveinsson, útvegsbændur á Nesi, og Björn Ólafur Gíslason, verslunarstjóri s. st. Undirskrift tveggja stjórnenda þarf til að skuldbinda fjelagið. Rita þeir firmað þannig:

F. h. H.f. Íshúsfjelag Norðfjarðar
Ingvar Pálmason, B. Ó. Gíslason,
eða
F. h. H.f. Íshúsfjelag Norðfjarðar
Ingvar Pálmason, Jón Sveinsson,
eða
F. h. H.f. Íshúsfjelag Norðfjarðar
Jón Sveinsson, B. Ó. Gíslason.

Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er Björn Ólafur Gíslason. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. H.f. Íshúsfjelag Norðfjarðar
B. Ó. Gíslason.

Upphæð hlutafjár er 22000 — tuttugu og tvö þúsund — krónur, er skiftist í 25, 50, 100, 500 og 1000 kr. hluti. Hlutabrjef hljóða á nafn. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum, og engin lausnarskylda hvílir á þeim. Sala hlutabrjefa ógild gagnvart fjelaginu nema samþykt sje af stjórninni. Hlutafjársöfnun lokið. 18000 — átján þúsund krónur innborgað. Afgangurinn kræfur nú þegar. Atkvæðisrjettur hluthafa miðaður við hlutafjáreign þeirra, þó má enginn fara með meira en 14 atkvæði, sem samsvarar mest 4000 — fjögur þúsund — króna hlutafjáreign. Fundi skal boða með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á venjulegum auglýsingastöðum í Neshreppi.

2. Kaupfjelag Austfjarða, sem hefir heimili og varnarþing á Seyðisfirði, hefir útibú á Brekku í Mjóafirði í Suður-Múlasýslu. Undirskrift allrar fjelagsstjórnarinnar eða formanns eins þarf til að skuldbinda útibúið. Stjórn

102 fjelagsins skipa nú Stefán Baldvinsson, bóndi í Stakkahlíð, formaður, Hjálmar Vilhjálmsson, Brekku, og Árni Friðriksson, kennari á Þórarinsstaðaeyrum. Framkvæmdarstjóri er Sigurður Vilhjálmsson, Seyðisfirði. Stjórnin ritar firmað þannig:

Kaupfjelag Austfjarða
Stefán Baldvinsson,
Hjálmar Vilhjálmsson,
Árni Friðriksson.

Formaður ritar:

Kaupfjelag Austfjarða
Stefán Baldvinsson,

Framkvæmdarstjóri ritar:

p. p. Kaupfjelag Austfjarða
Sig. Vilhjálmsson.

3. Við undirritaðir Konráð Hjálmarsson og Páll G. Þormar, báðir til heimilis á Norðfirði, tilkynnum hjermeð að við rekum í fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð, skipaútgerð og allskonar verslun á Norðfirði, með útibúi á Mjóafirði, undir firmanafninu:

„Verslunin Konráð Hjálmarsson''.

Rjett til að skuldbinda firmað hefir hvor okkar um sig og ritum við firmað þannig:

Konráð Hjálmarsson ritar firmað þannig:

„Verslunin Konráð Hjálmarsson''.
K. Hjálmarsson.

Páll G. Þormar ritar firmað þannig:

„Verslunin Konráð Hjálmarsson''.
Páll G. Þormar.

Norðfirði, hinn 18. apríl 1923.
Páll G. Þormar. K. Hjálmarsson.

*VIII. Vestmannaeyjar.*

Hjálmar Eiríksson, Björn Sigurðsson og Filippus G. Árnason, allir í Vestmannaeyjum, reka í fjelagi verslun í Vestmannaeyjum með firmanafninu: H. Eiríksson & Co. Þeir hafa ótakmarkaða ábyrgð, og rita þeir Hjálmar Eiríksson og Björn Sigurðsson firmað.

Hjálmar Eiríksson ritar:

pr. H. Eiríksson & Co.
Hjálmar Eiríksson.

Björn Sigurðsson ritar:

pr. H. Eiríksson & Co.
Björn Sigurðsson.

*IX. Gullbr.- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.* **105**

1. Hjermeð tilkynnist að á síðasta aðalfundi Kaupfjelagsins „Báran" í Garði, gengu Gísli Sighvatsson og síra Friðrik J. Rafnar úr stjórn fjelagsins.

Stjórnina skipa nú: Páll Árnason, Gerðum, formaður, Ólafur Gunnlaugsson, Útskálum, Þorgeir Magnússon, Lambastöðum, Einar Magnússon, Gerðum og Þorbergur Guðmundsson, Jaðri.

Prókúru fjelagsins hefir Sigurgeir Ólafsson. Skrifar hann nafnið þannig:

pr. pr. Kaupfjelagið Báran
Sigurgeir Ólafsson.

2. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar að firmað Elías Þorsteinsson & Co. í Keflavík er hætt að starfa.

Keflavík, 1. febrúar 1923.
pr. Elías Þorsteinsson
Þorsteinn Þorsteinsson.

3. Undir firmanafninu „S.f. Akurgerði" reka þeir Carl Proppé kaupmaður í Reykjavík, Ólafur Proppé konsúll í Reykjavík, Jón Proppé kaupmaður í Ólafsvík, Anton Proppé kaupmaður á Þingeyri, Ásgrímur Sigfússon bókhaldari í Hafnarfirði, Þórarinn Egilsson útgerðarmaður í Hafnarfirði og Gunnar Egilson framkvæmdarstjóri í Reykjavík, fiskþurkunar og fiskkaupastöð og verslun með allskonar útgerðarvörur, með lögheimili í Hafnarfirði og með ótakmarkaðri ábyrgð allra fjelagsmanna.

Stjórn fjelagsins skipa: Ólafur Proppé konsúll í Reykjavík, formaður, En meðstjórnendur eru þeir Þórarinn Egilson útgerðarmaður í Hafnarfirði og Ásgrímur M. Sigfússon bókhaldari í Hafnarfirði. Varaformaður er Gunnar Egilson framkvæmdarstjóri í Reykjavík. — Formaður (eða í forföllum hans varaformaður) og annarhvor meðstjórnandinn rita firmað og geta skuldbundið það og eignir þess, þar á meðal veðsett þær. —Prókúru hefir hvor um sig þeir Þórarinn Egilson og Ásgrímur M. Sigfússon.

Sameignarsamningurinn er undirskrifaður 7. maí 1923.

C. Proppé, Ó. Proppé,
Þórarinn Egilson,
f. h. Jón Proppé
Ó. Proppé samkv. umboði,
f. h. Anton Proppé
Ó. Proppé samkv. umboði,
G. Egilson, Ásgr. Sigfússon,